

Garðabær 5. ágúst 2016.

Bæjarstjórnin í Garðabæ

Gunnar Einarsson.

Tilvisun í bréf dags 12. apríl sl. vegna beiðni íbúa Frjóakurs um minnkun graseyja í götunni.

Þann 20. apríl sl. barst til undirritaðs tölvubréf frá Hildi Benediktsdóttur þjónustufulltrúa þar sem hún tilkynnir að erindi okkar hafi verið tekið fyrir á fundi bæjarráðs Garðabæjar 19. apríl, fengið jákvæða umfjöllun þar og samþykkt að vísa því til frekari úrvinnslu hjá tækni- og umhverfissviði bæjarins.

Þar sem engar fregnir af framhaldinu höfðu borist sendi ég fyrirspurn til Hildar þann 24. júní og síðan aftur 12. júlí á Eysteini Helgason.

Þann 28. júlí eða rúmlega þremur mánuðum eftir að bæjarráðið samþykkti erindi okkar berst neðangreint tölvubréf frá Eysteini Haraldssyni bæjarverkfræðingi:

„Sæll Kristján

Ég hef skoðað erindi íbúa við Frjóakur varðandi graseyjar í götunni.

Garðabær hefur gengið frá götunni, gangstéttum og graseyjum samkvæmt deiliskipulagi.

Íbúum er heimilt að setja grasstein í hluta umræddra graseyja.

Tækni og umhverfissvið veitir góðfúslega allar nánari upplýsingar um efni og verklag ef þörf krefur.

Bestu kveðjur

Eysteinn Haraldsson

Bæjarverkfræðingur


Garðabæ“

Þetta bréf kemur okkur í opna skjöldu þar sem skilningur íbúa skv. bréfi Hildar Benediktsdóttur er sá að bæjarráðið hafi samþykkt erindi okkar og vísað til því úrvinnslu og fræmkvæmda tækni- og umhverfissviðs.

Enginn efast hins vegar um að það sé rétt hjá Eysteini að framkvæmdir á graseyjum séu samkvæmt deiluskipulagi. En það breytir ekki því að íbúar geta ekki notað öll bílastæðin við hús sín. Við teljum það algjörlega óásættanlegt að íbúar verði sjálfir að bera kostnað vegna þessa skipulagsklúðurs. Einnig má benda á að grassteinn í stað graseyja er ekki lausnin þar sem litlir og lágir bílar komast ekki greiðlega yfir þá, ekki eru allir á jeppabílfreiðum. Við viljum ítreka þá sanngirniskröfu okkar að við eigum greiðan aðgang að okkar bílastæðum án þess að aka yfir graseyjar eða grasteina.

Við óskum eftir því að staðið verði við samþykkt bæjarráðs frá 19. apríl og tækni – og umhverfissvið bæjarins vinni samkvæmt því.

Virðingarfyllt fyrir hönd íbúa Frjóakurs


Kristján Ólafsson

Frjóakri 4